

Miðvikudaginn 31. janúar 1940.

Nr. 120/1939. Þórhallur Arnórsson

gegn

Carli D. Tulinius

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þórhallur Arnórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Carli D. Tulinius, er hefir látið mæta í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. febrúar 1940.

Nr. 107/1939. Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Ásgeiri Ásmundssyni

(Pétur Magnússon).

Ólögleg áfengissala.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 70 krónur til hvors.

## Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ásgeir Ásmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Péturs Magnússonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

## Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. okt. 1939.

Ár 1939, miðvikudaginn 4. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af fulltrúa lögreglustjóra Valdimar Stefánssyni uppkveðinn dómur í málinu nr. 1846/1939: Valdstjórnin gegn Ásgeiri Ásmundssyni, sem tekið var til dóms 29. september sama ár.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ásgeiri Ásmundssyni, atvinnulausum, til heimilis í Fischer-sundi 3 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. sept. 1883, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1911  $\frac{3}{5}$  Sætt: 20. kr. sekt fyrir að neita lögreglu um aðstoð.
- 1916  $\frac{15}{6}$  Dómfelldur í lögreglurétti Reykjavíkur fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu (skv. lögregluþingbók, en þar er dómsniðurstöðunnar ekki getið).
- 1919  $\frac{1}{2}$  Dómur landsyfirréttar: Sýknaður af ákæru réttvisinnar fyrir brot gegn 183. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.
- 1921  $\frac{4}{11}$  Kærður fyrir svik í spilum. Málið afgr. frá lögreglu til dómara.
- 1923  $\frac{2}{6}$  Sætt: 400 kr. sekt fyrir bannlagabrot.

- 1924  $\frac{3}{9}$  Sætt: 200 kr. sekt fyrir bannlagabrot.
- 1924  $\frac{27}{10}$  Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 daga einfalt fangelsi og 1000 króna sekt fyrir bannlagabrot.
- 1925  $\frac{18}{8}$  Dómur sama réttar: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir bannlagabrot.
- 1925  $\frac{21}{8}$  Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1925  $\frac{22}{4}$  Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1926  $\frac{23}{7}$  Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir bannlagabrot.
- 1927  $\frac{6}{7}$  Dómur sama réttar: 80 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
- 1928  $\frac{3}{4}$  Dómur sama réttar: 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir bannlagabrot.
- 1928  $\frac{17}{4}$  Dómur sama réttar: 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir bannlagabrot.
- 1928  $\frac{26}{6}$  Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1928  $\frac{21}{11}$  Dómur hæstaréttar: 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir brot á áfengislögunum frá 1928.
- 1933  $\frac{18}{2}$  Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935  $\frac{9}{2}$  Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.
- 1935  $\frac{2}{9}$ ,  $\frac{1}{9}$  og  $\frac{17}{10}$  Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936  $\frac{1}{4}$  Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 3500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti  $\frac{4}{10}$  1936 að öðru leyti en því, að sektin var lækkuð í 2500 kr.
- 1938  $\frac{12}{11}$  Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Undanfarið hefir lögreglan hér í bæ talið, að kærður stundaði áfengissölu, sem færi fram heima hjá honum, en þó aðallega í sundum og skúmaskotum við göturnar, sem næstar liggja höfninni. Liggur fyrir framburður 5 lögregluþjóna um, að kærður hafi undanfarið flesta daga ársins fram á kvöld og stundum fram á nætur rölt fram og aftur

um göturnar við höfnina og hagað sér á sama hátt eða mjög líkt og þeir menn aðrir, sem uppvisir hafa orðið að áfengissölu á götum úti.

Þegar kærði var kallaður fyrir rannsóknarlögregluna 28. ágúst s. l. í tilefni af grun þessum um áfengissölu og hann var spurður um, af hverju hann hefði lifað, neitaði hann að svara því eða gefa lögreglunni nokkrar upplýsingar um sinn hag. Fyrir réttinum hefir hann skýrt frá því, að þegar hann losnaði síðast af vinnuhæli ríkisins á Litla Hrauni, sem var 7. júní 1937, hafi hann átt í peningum kr. 300,00. Þá átti hann engar aðrar eignir og hefir ekki síðan eignast og hefir engra opinberra styrkja notið. Hann kveðst síðan ekkert hafa unnið sér inn nema kr. 150,00—200,00 með því að leiðbeina erlendum ferðamönnum hér í bænum, einkum Englendingum. Þá er upplýst, að mágur kærða lánaði honum kr. 300,00 í marzmánuði s. l. og kaupmaður einn hér í bænum kr. 100,00 í ágústmánuði s. l. Aðra peninga en þá, sem nú hafa verið taldir, hefir kærði ekki haft til ráðstöfunar frá 7. júlí 1937. Að visu segist hann öðru hvoru hafa fengið peninga hjá syni sínum, Ástvaldi Helga, og er það rétt, að hann hefir greitt kærða smátt og smátt kr. 160,00 frá vorinu 1938 til þessa tíma, en það var einungis endurgreiðsla á húsaleigu, sem kærði hafði lagt út fyrir hann veturinn 1937—1938. Frá því kærði losnaði af vinnuhælinu og til haustsins 1938, eða í rúmt ár, keypti hann sér fæði á ýmsum matsöluhúsum hér í bænum. Haustið 1938 kveðst hann hafa byrjað að borða hjá Ásmundi syni sínum og síðan hafa mátt borða þar, þegar hann hefir viljað. Frá júlí 1937 til þessa tíma hefir kærði greitt í húsaleigu kr. 25,00 á mánuði fyrir utan ljós og hita, nema tvo síðustu mánuðina, sem hann hefir ekki greitt.

Sé frásögn kærða um eign hans, þegar hann kom af vinnuhælinu, og um tekjur hans af leiðbeiningum útlendinga tekin trúanleg, hafa allir peningar hans á umræddu tímabili numið kr. 900,00. Í húsaleigu eina á sama tímabili hefir hann greitt ca. kr. 600,00. Sé gert ráð fyrir, að hann hafi mestmegnis borðað hjá Ásmundi syni sínum frá haustinu 1938, hefir hann haft einar 300 kr. til allra annarra þarfa sinna frá 7. júlí 1937 til þessa tíma, þar á meðal

fæðiskaup á matsöluhúsum í á annað ár. Fær slikt ekki staðizt, og hefir kærða því ekki tekizt að gera grein fyrir, á hverju hann hefir lifað undanfarið.

Þá hafa komið fram nokkur vitni, er hafa borið, að þau hafi keypt áfengi af kærðum, síðan hann síðast var dæmdur fyrir áfengissölu.

Vitnið Páll Þorleifsson, verzlunarmaður, hefir borið, að hann hafi undanfarið, aðallega í apríl, maí og júní s. l., keypt áfengi af kærðum og hafi kaupin ætíð farið fram í íbúðarherbergi kærða og aðallega á sunnudagsmorgnum. Hafi áfengið bæði verið brennivín og whisky, þó öllu meira whisky. Hafi brennivínsflaskan og whiskypelinn kostað 11 kónur. Aldrei hafi hann keypt nema eina flösku í einu og aldrei hafi neinn þriðji maður verið viðstaddur, er kaupin fóru fram.

Vitnið Haukur Magnússon, koparsmiður, hefir borið, að sér hafi verið kunnugt um langan tíma, að kærði seldi áfengi og að hann hafi fyrir fjórum árum nokkrum sinnum keypt af honum áfengi.

Um 10. júní s. l., föstudags- eða laugardagskvöld, kl. um 24, kveðst vitnið hafa hitt kærða í Kolasundi og beðið hann um áfengi, en hafði ekki nema kr. 5.00, en kærði vildi fá kr. 5.50 eða kr. 6.00 fyrir whiskypela, fullan af brennivíni. Meðan þeir töluðu um verðið, komu að tveir menn og gáfu sig á tal við kærða, og segir vitnið, að þeir og kærði hafi verið að pukrast í grennd við sig, og hafi hann með sjálfum sér ekki verið í vafa um, að mennirnir væru að kaupa áfengi af kærða. Þegar menn þessir voru farnir, seldi kærði vitninu brennivínsþela fyrir kr. 5.00, en enginn þriðji maður var þar viðstaddur.

Sumarið 1938 og fram að mánaðamótum nóvembers og desembers það ár var vitnið Katrín Svava Alexandersdóttir í vist hjá frú Gunnhildi Árnadóttur, Aðalstræti 9 hér í bæ. Hefir Gunnhildur skýrt svo frá, að hún hafi nokkrum sinnum, þegar gleðskapur var heima hjá henni, sérstaklega um helgar, sent vitnið út til að kaupa áfengi eftir lokunartíma áfengisverzlunarinnar og hafi vitnið alltaf keypt brennivín á whiskypelum og hafi pelinn kostað kr. 5.50. Vitnið hefir borið, að Gunnhildur hafi sent sig út í þessum erindagerðum flest laugardagskvöld og einstöku sinnum í miðri viku. Fyrst þegar vitnið var

sent út þessara erinda, kveðst hún hafa hitt kærða fyrir utan Veggfóðrarann í Kolasundi. Hún þekkti kærða ekki nema í sjón, en hafði heyrt talað um, að hann seldi áfengi. Hún spurði hann, hvort hann seldi áfengi, og játaði hann því og seldi henni einn whiskypela með brennivíni fyrir kr. 5.50. Jafnframt bað kærði hana að verzla við sig, ef hún þyrfti áfengi, og ef hann væri ekki á þessum slóðum, skyldi hún koma heim til sín í Fischersund. Eftir þetta kveðst vitnið iðulega hafa keypt áfengi af kærða, og hitti hún hann þá ætíð á götunum í grennd við höfnina, og fór kærði með hana inn í ýmis skúmaskot, þar sem afhendingin síðan fór fram. Alltaf keypti hún brennivín á whiskypelum fyrir kr. 5.50 pelann og ætíð einn í einu, nema einu sinni, að hún keypti tvo. Síðasta pelann kveðst hún hafa keypt af kærða um s. l. nóvember og desember mánaðamót og hafa fengið greiðslufrest á andvirðinu. Þriðji maður hefir aldrei verið viðstaddur áfengiskaupin.

Þá hefir vitnið Oddur Valentinsson, hafnsögumaður í Stykkishólmi, borið, að hann hafi um mánaðamótin febrúar og marz 1937 keypt brennivínsflösku af kærða, sem þá bjó í Mjóstræti hér í bæ, fyrir kr. 10.00. Sama vitni hefir borið, að hann hafi keypt whiskypela með brennivíni af kærða að kvöldi 12. janúar 1938 fyrir kr. 4.50.

Framangreind vitni hafa öll staðfest framburð sinn með eiði.

Þá hefir vitnið Halldór Benediktsson, skipstjóri, borið, að hann hafi haustið 1937 keypt í tvö eða þrjú skipti hálf-flösku af brennivíni af kærða heima hjá honum og hafi hver háflaska kostað kr. 5.00. Kærði hefir undir öllum rekstri málsins neitað að hafa selt áfengi, síðan hann síðast var dæmdur fyrir áfengissölu. Þrátt fyrir þessa neitun kærða þykir, eins og málsatvikum nú hefir verið lýst, og með tilliti til fortiðar kærða nægilega sannað, að hann hafi, frá því hann síðast var dæmdur, gerzt sekur um sölu áfengis, og ber að heimfæra brot hans undir 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviður-væri í 3 mánuði og 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Dá ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Kærður, Ásgeir Ásmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. febrúar 1940.

Nr. 70/1939. **Halldór Sveinsson** (Theódór B. Lindal)  
gegn

**Nancy Sigurðsson og gagnsök**  
(Jón Ásbjörnsson).

Konu og dóttur manns, er farizt hafði af bilslysi, dæmdar dánarbætur.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdómur í máli þessu er uppkveðinn af fulltrúa lögmannsins í Reykjavík Gunnari A. Pálssyni.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1939, krefst aðallega sýknu og málskostnaðar af gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann verulegrar niðurfærslu fjárhæðar þeirrar, sem dæmd var í héraði, málskostnaðar af